

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2005





### Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

### Hlutverk

**Líf** – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við samræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

**Heilsa** – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

**Umhverfi** – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöppum á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

**Eignir** – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamálastofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífelld flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

### Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2005, gefin út í júlí 2006

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Garðar Guðjónsson

Umbrot og prentun: Svansprent

### Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingar-iðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglugerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

### Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinnar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykkja þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

## Skipulag

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson var skipaður í stöðu brunamálastjóra frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 11 talsins 31. desember 2005 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn.

Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins. Ráðið er nú þannig skipað:

- Drífa Sigfúsdóttir formaður, skipuð af ráðherra
- Guðrún Ólafsdóttir, Brunatæknifélagi Íslands
- Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga
- Gestur Pétursson, Samtökum atvinnulífsins
- Inga Hersteinsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Kristján Einarsson, Félagi slökkviliðsstjóra
- Vernharð Guðnason, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Kristján Einarsson kom í stað Ásmundar Jónssonar í fyrra.

## Mikilvægir áfangar að nást



Starfsmenn Brunamálastofnunar hafa fengist við mörg áhugaverð og ánægjuleg verkefni á undanförunum misserum. Nýlega hefur verið lokið við nokkur slík verkefni og um þessar mundir er verið að leiða önnur til lykta. Af mörgu er að taka eins og þessi skýrsla ber með sér en hér er vert að fjalla sérstaklega um þrjú mikilvæg verkefni.

Ríkiskaup eru að ljúka undirbúningi að útboði vegna kaupa á tækjum til reykkyfunar og viðbragða við mengunarslysum fyrir slökkvilið landsins og er óhætt að fullyrða að þar er á ferð stærsta einstaka átakið til að efla brunavarnir í landinu um áratugaskeið. Gefin hefur verið út kennslubókin Slökkvistarf sem er sú fyrsta sinnar tegundar á íslensku og mun nýtast við kennslu slökkviliðsmanna um langa framtíð. Ennfremur hefur umhverfisráðherra nú ákveðið að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um mannvirki, en frumvarpið mun hafa mikil áhrif á stjórnslu á sviði brunamála.

### Átak í eflingu eldvarna

Með lögum um brunavarnir nr. 75/2000 var ábyrgð á viðbrögðum við mengunar- og eiturefnaslysum falin slökkviliðum landsins. Í lögunum er ákvæði þess efnis að styrkja beri sveitarfélögin til að axla þessa ábyrgð. Í árslok 2005 tóku Alþingi og umhverfisráðuneytið þá ákvörðun að beiðni Brunamálastofnunar að verja 100 milljónum króna sérstaklega til þess að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land.

Brunamálastofnun hefur haft náðið samráð við slökkviliðin í landinu um hvernig fjármuninum skuli varið og hefur ríkt mikill einhugur í því starfi. Enda reynir á samstarf og samhug slökkviliðanna við rekstur og notkun búnaðarins sem keyptur verður. Vonir standa til að unnt verði að hefja afhendingu á nýjum búnaði síðar á þessu ári.

### Tímamót í fræðslumálum

Á árinu 2003 hófst stórfellt átak í gerð námsefnis fyrir slökkviliðsmenn í samvinnu Brunamálastofnunar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Safnað var saman öllu því námsefni sem unnið hafði verið í tíu ára sögu Brunamálaskólans og ýmislegt annað námsefni samið og þýtt. Ráðið var í að skrifa eina heildstæða kennslubók fyrir slökkviliðsmenn og útbúa önnur kennslugögn, svo sem glærur, verkefni og próf.

Bókin, sem hlaut nafnið Slökkvistarf, kom út nýverið og hafa íslenskir slökkviliðsmenn nú í fyrsta sinn aðgang að heildstæðu kennsluefni í einu riti á íslensku. Það eru afskaplega ánægjuleg tímamót og ber að þakka öllum sem að útgáfunni komu fyrir fram-

lag þeirra. Þetta átak mun vafalaust efla menntun og þjálfun slökkviliðsmanna um langa framtíð.

### Tillögur um breytingar á stjórnslu

Undirritaður átti sæti í nefnd sem umhverfisráðherra setti á lagirinnar 2002 til að gera tillögu að lögum um mannvirki. Nefndin hefur nú skilað frumvarpsdrögum til ráðherra. Í þeim er að finna tillögur að breytingum á stjórnslu bruna- og byggingarmála og stefnir ráðherra að því að leggja frumvarpið fyrir Alþingi á komandi haustþingi.

Lagt er til að sett verði á fót Byggingarstofnun, sem hafi yfirumsjón með stjórnslu mannvirkjamála, þar með talið þeim verkefnum sem Brunamálastofnun sinnir nú. Meðal málaflokka sem lagt er til að verði sameinaðir undir Byggingarstofnun eru byggingarmál, brunamál, eftirlit með byggingarvörum á markaði, rafmagnsöryggismál og eftirlit með lyftum, en þessir málaflokkar hafa hingað til verið á verkswiði margra mismunandi aðila innan stjórnslunnar.

Áfram er gert ráð fyrir að ábyrgð á beinu eftirliti með byggingu mannvirkja verði í höndum byggingarfulltrúa sveitarfélaganna en að eitt af meginverkefnum Byggingarstofnunar verði að tryggja samræmt byggingareftirlit um allt land. Svipuðu hlutverki hefur Brunamálastofnun einmitt sinnt hvað brunamál snertir.


### Nýjar áskoranir

Brunamálastofnun tók formlega til starfa þann 1. janúar árið 1970 og árið 2005 var því 35. starfsár stofnunarinnar. Þótt fyrirhugað sé að stofnunin verði lögð niður í núverandi mynd er gert ráð fyrir að starfsemin haldi að miklu leyti óbreytt áfram undir merkjum nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar, sem hins vegar er ætlað mun víðtækara hlutverk.

Byggingarferlið er ákaflega flókið og margþætt. Það krefst menntunar, reynslu og færni á mörgum sviðum, stjórnast að hluta til af andstæðum hagsmunum, er fjárfrekt, viðkvæmt vegna flókinnar samninga og er undir mikilli tímapressu. Velta byggingariðnaðarins er um 100 milljarðar króna árlega, eða um tíu prósent af landsframleiðslu. Um sjö prósent allra starfa eru í byggingariðnaði. Almennur og fyrirtækin í landinu geyma fjármuni sína að miklu leyti í byggingum. Og ekki má gleyma því að gæði bygginga ráða miklu um öryggi og lífsgæði fólksins sem notar þær.

Samfélagið allt og ýmsir hagsmunaaðilar eiga því mikið undir því að vel sé staðið að stjórnslu og eftirliti á þessu sviði. Í huga undirritaðs leikur ekki vafi á um að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í niðurstöðu nefndar umhverfisráðherra horfa til framfara. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að starfsmanna Brunamálastofnunar biða ný verkefni og nýjar áskoranir. Við horfum til þeirra með tilhlökkun og eftirvæntingu.

Dr. Björn Karlsson  
brunamálastjóri



Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náð samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamál á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vinnueftirlitið
- Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Félag slökkviliðsstjóra
- Félag byggingafulltrúa
- Slökkviliðin
- Byggingafulltrúar
- Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
- Verkfræðingar, arkitektar og hönnuðir
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Tryggingafélögin
- Ríkislögreglustjórn
- Flugmálastjórn
- Lagnakerfamiðstöð Íslands

Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálastólur, rannsóknastofnanir og fagfélög.


Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir og rannsóknir á sviði byggingamála. Guðmundur Gunnarsson er fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuefni, Nordex. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri situr í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og er formaður menntunarnefndar félagsins. Hann er einnig varaformaður Verkfræðingafélags Íslands og dósent við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

## Vel miðar við gerð brunavarnaáætlana

Siglufjörður og Austurbyggð luku við gerð brunavarnaáætlana á síðasta ári og höfðu þá alls átta sveitarfélög lokið við gerð þessara mikilvægu áætlana. Auk þess eru 39 sveitarfélög langt komin með vinnslu áætlana sinna um brunavarnir og þar með hefur mikill meirihluti sveitarfélaganna lokið við gerð áætlana eða er mjög langt kominn. Önnur fjögur hafa hafið vinnu við gerð brunavarnaáætlana en aðeins tvö sveitarfélög hafa enn ekki sett þessa vinnu í gang. Á sama tíma fyrir ári voru 18 sveitarfélög í þessum síðasttalda hópi og því ákvað Brunamálastofnun að gera sérstakt átak til

þess að flýta þessari vinnu. Það hefur greinilega skilað árangri.

Samkvæmt lögum um brunavarnir ber sveitarfélögum að gera brunavarnaáætlanir fyrir starfssvæði slökkviliðanna í landinu og senda Brunamálastofnun þær til staðfestingar. Í brunavarnaáætlun er ætlast til þess að sveitarfélögin skilgreini þá þjónustu sem þau hyggjast veita á þessu sviði. Gerðar eru kröfur um ákveðinn lágmarks viðbúnað en allt umfram hann er á valdi sveitarfélaganna. Þannig geta þau ákveðið að annast ákveðna þætti í brunavörnum en þau geta einnig ákveðið að hafa samstarf um ákveðna þætti í þjónustunni og skipta með sér verkum. Brunavarnaáætlun á að auðvela almenningi að kynna sér skipulag og markmið slökkviliðsins í viðkomandi sveitarfélagi.



## Menntun og rannsóknir

Brunamálastofnun hefur á undanförunum árum lagt vaxandi áherslu á þátttöku í ýmsum rannsóknum á sviði byggingarverkfræði auk þess að annast kennslu og ráðgjöf við ýmsar stofnanir. Meðal verkefna á þessu sviði er að stuðla að stofnun sérstaks rannsóknasviðs í brunavörnum við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

Brunamálastofnun vinnur nú að rannsókn á hættum sem slökkviliðsmönnum stafar af eldi í lokuðu rými. Rannsóknin er unnin í samvinnu við umhverfis- og byggingarverkfræðiskor Háskóla Íslands og háskóla í sex öðrum Evrópulöndum. Hún gengur undir heitinu Firenet og er kostuð af Evrópusambandinu. Doktorsnemi við Háskóla Íslands vinnur að rannsókninni sem starfsmaður Brunamálastofnunar.



Þá hefur brunamálastjóri kennt mastersnemum á fjórða ári við umhverfis- og byggingarverkfræðiskor Háskóla Íslands. Verkfræðinemi við háskólann í Lundi í Svíþjóð er að ljúka við mastersritgerð um áhættugreiningu olúbirgðastöðvarinnar í Örfirisey undir leiðsögn brunamálastjóra.

Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur stofnunarinnar, annaðist kennslu í brunavörnum við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík eins og fyrri ár. Hann hélt einnig fjölda námskeiða í samvinnu við Rafiðnaðarskólann og fleiri, meðal annars um brunaviðvörðunarkerfi, brunabættingar og gaslagnir.

Brunamálastofnun stóð ennfremur fyrir námskeiðum fyrir pípu-lagningameistara um eftirlit og uppsetningu úðakerfa og voru þátt-takendur á fjórða tuginn. Einnig var haldið námskeið fyrir á fimmta tug rafvirkja um uppsetningu og viðhald á sjálfvirkum brunaviðvörðunarkerfum.

## Reglugerðir og úttektir

Starfsmenn Brunamálastofnunar eru lykilaðilar í undirbúningi og gerð reglugerða um ýmsa þætti brunavarna. Unnið var að gerð eftirfarandi reglugerða á síðasta ári:

- Reglugerð um brunahönnun bygginga – umsögn lokið, er í lokavinnslu í umhverfisráðuneytinu.
- Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – umsögn lokið, er í lokavinnslu í umhverfisráðuneytinu.
- Reglugerð um handslökkvitæki og slöngukefli – umsögn lokið, er í lokavinnslu í umhverfisráðuneytinu.
- Reglugerð um reykköfun og eiturefnaköfun – til skoðunar í umhverfisráðuneytinu.
- Reglugerð um starfsemi slökkviliða er í smíðum.

Brunamálastofnun hefur um árabil kannað með skipulegum hætti ástand eldvarna í ákveðnum tegundum bygginga og birt skýrslur um niðurstöður úttektanna. Hlé var gert á þessu starfi á síðasta ári vegna annarra verkefna en starfsmenn skoðuðu 35 byggingar að ósk slökkviliðsstjóra víða um land.



## Mikil endurnýjun bíla og tækja

Talsvert var um að slökkvilið endurnýjuðu bíla og önnur tæki á síðasta ári, eða sem hér segir:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins keypti nýjan körfubíl af gerðinni Scania Vabis með Bronto lyftu.
- Slökkvilið Sandgerðis keypti notaðan tankbíl af gerðinni Mercedes Benz af Brunavörnum Suðurnesja.
- Slökkvilið Reykhólahrepps keypti notaðan tankbíl.
- Brunavarnir Árnessýslu keyptu tvo dælubíla af gerðinni Renault Kerax af Eldvarnamiðstöðinni. Bílarnir eru með 6.000 lítra vatns-tanki og dælugeta þeirra er 4.000 lítrar á mínútu.
- Brunavarnir Vesturbyggðar keyptu notaðan Econoline sjúkrabíl og breyttu honum í tækjabíl.
- Slökkvilið Ísafjarðar keypti notaðan Ford dælubíl af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.
- Slökkvilið Borðeyrar keypti notaðan International dælubíl af Brunavörnum Árnessýslu.
- Slökkvilið Vestur-Húnavatnssýslu setti nýja Sigmund dælu í tankbíl.
- Slökkvilið Akureyrar keypti nýjan Scania dælubíl með 3.000 lítra vatnstanki og 5.000 lítra dælu. Bíllinn var yfirbyggður hjá MT-bíl-um á Ólafsfirði. Slökkvilið Akureyrar keypti einnig körfubíl af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og endurbætti hann.
- Slökkvilið Þingeyjarsveitar keypti nýjan Ford dælubíl frá MT-bílum á Ólafsfirði.
- Slökkvilið Húsavíkur keypti notaðan tankbíl af gerðinni Man.
- Brunavarnir á Héraði keyptu notaðan Scania körfubíl frá Svíþjóð.



## 100 milljónir króna í sérstakt eldvarnaátak Brunamálastofnunar


Brunamálastofnun fékk heimild Alþingis og umhverfisráðuneytisins í lok árs 2005 til að verja 100 milljónum króna sérstaklega til þess að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Fénu verður varið til kaupa á búnaði í nánú samráði við slökkviliðin í landinu enda er veiting fjárens bundin því skilyrði að slökkviliðin eigi og reki búnaðinn í sameiningu.

Fyrirhugað er að kaupa:

- Lágmarksbúnað vegna viðbragða við mengunarslysum sem settur verður upp víða um land.
- Búnað til að efla þjálfun í slökkvistörfum og reykköfun.
- Búnað til að styrkja eldvarnaeftirlit í samvinnu sveitarfélaga.
- Búnað vegna viðbragða við stórum mengunarslysum á landi. Hann verður geymdur hjá slökkviliðunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri en hann má flytja hvert á land sem er með skömmum fyrirvara.

Ítarlega var fjallað um átakið á ráðstefnu Brunamálastofnunar með slökkviliðsstjórum sem haldin var í mars síðastliðnum. Slökkviliðsstjórar komu sér þar saman um tillögur um hvernig búið væri best að kaupa og hvar staðsetja ætti hann. Brunamálastofnun hefur síðan unnið úr tillögum og ábendingum slökkviliðsstjórnanna og er gert ráð fyrir að afhending búnaðarins hefjist síðar á þessu ári.

Slökkviliðin í landinu



**Slökkvilið**

(útkallsnúmer innan sviga)

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (10201)
2. Slökkvilið Akraness (20201)
3. Slökkvilið Borgarbyggðar (30205)
4. Slökkvilið Borgarfjarðardala (30202)
5. Slökkvilið Snæfellsbæjar (40203)
6. Slökkvilið Grundarfjarðar (40202)
7. Slökkvilið Stykkishólms (40201)
8. Slökkvilið Dalabyggðar (50201)
9. Slökkvilið Reykhólahrepps (60202)
10. Brunavarnir Vesturbyggðar (60201)
11. Slökkvilið Tálknafjarðar (60203)
12. Slökkvilið Bolungarvíkur (70201)
13. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (80201)
14. Slökkvilið Súðavíkurhrepps (80205)
15. Slökkvilið Hólmavíkur (90201)
16. Slökkvilið Drangsness, Strandasýslu (90203)
17. Slökkvilið Borðeyrar (90202)
18. Slökkvilið Vestur-Húnavatnssýslu (100202)
19. Slökkvilið Austur-Húnavatnssýslu (100201)
20. Slökkvilið Skagastrandar (100203)
21. Brunavarnir Skagafjarðar (110201)
22. Slökkvilið Siglufjarðar (120201)
23. Slökkvilið Ólafsfjarðar (130201)
24. Slökkvilið Dalvíkur (140202)
25. Slökkvilið Akureyrar (140201)
26. Slökkvilið Grímseyjar (140205)
27. Slökkvilið Grenivíkur (140204)
28. Slökkviliðið Þingeyjarsveitar

**Slökkviliðsstjóri**

- Jón Viðar Matthíasson  
 Þráinn Ólafsson  
 Bjarni K. Þorsteinsson  
 Pétur Jónsson  
 Jón Þór Lúdvíksson  
 Gunnar P. Gunnarsson  
 Þorbergur Bæringsson  
 Jóhannes Hauksson  
 Ragnar K. Jóhannsson  
 Sigurður Guðmundsson  
 Egill Sigurðsson  
 Ólafur Þ. Benediktsson  
 Þorbjörn Sveinsson  
 Albert Hreiðarsson  
 Einar Indriðason  
 Trygvi Ólafsson  
 Heiðar Þór Gunnarsson  
 Pétur R. Arnarson  
 Andrés Leifsson  
 Þröstur Líndal  
 Óskar Stefán Óskarsson  
 Ámundi Gunnarsson  
 Magnús Sigursteinsson  
 Sigurður Jónsson  
 Erling Júlíunusson  
 Sigurður Bjarnason  
 Guðni Sigþórsson  
 Friðrik Steingrímsson

**Slökkvilið**

29. Slökkvilið Húsavíkur (150201)
30. Slökkvilið Mývatns, Reykjahlíð (150208)
31. Slökkvilið Kópaskers (150202)
32. Slökkvilið Raufarhafnar (150203)
33. Brunavarnir Norðaustursvæðis (160203)
34. Slökkvilið Borgarfjarðar eystra (160204)
35. Brunavarnir á Héraði (160202)
36. Slökkvilið Seyðisfjarðar (160201)
37. Slökkvilið Mjóafjarðar (180207)
38. Slökkvilið Fjarðabyggðar (170201)
39. Slökkvilið Fáskrúðsfjarðar (180203)
40. Slökkvilið Stöðvarfjarðar (180204)
41. Slökkvilið Breiðdalsvíkur (180205)
42. Slökkvilið Djúpavogs (180206)
43. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu (190201)
44. Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs (200202)
45. Slökkviliðið Vík (200201)
46. Slökkvilið Vestmannaeyja (220201)
47. Slökkvilið Rangárvallasýslu (210201)
48. Slökkviliðið Flúðum (230204)
49. Brunavarnir Árnassýslu (230208)
50. Slökkvilið Þorlákshafnar (230209)
51. Slökkvilið Hveragerðis (230202)
52. Slökkvilið Grindavíkur (240202)
53. Slökkvilið Sandgerðis (240203)
54. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar (250201)
55. Brunavarnir Suðurnesja (240201)
56. Slökkvilið Alcan í Straumsvík

**Slökkviliðsstjóri**

- Jón Á. Salómonsson  
 Stefán Gunnarsson  
 Jón Grímsson  
 Óskar Óskarsson  
 Björn H. Sigurbjörnsson  
 Jón Helgason  
 Baldur Pálsson  
 Ásgeir Magnússon  
 Ingólfur Sigfússon  
 Þorbergur Hauksson  
 Steinn B. Jónasson  
 Bjarni Gíslason  
 Indriði Margeirsson  
 Helgi Garðarsson  
 Steinþór Hafsteinsson  
 Hilmar Gunnarsson  
 Jón Hjálmarsson  
 Ragnar Baldvinsson  
 Böðvar Bjarnason  
 Jóhann Marelsson  
 Kristján Einarsson  
 Guðni Þór Ágústsson  
 Snorri Baldursson  
 Ásmundur Jónsson  
 Reynir Sveinsson  
 Sigurður Arason  
 Sigmundur Eyþórsson  
 Halldór Halldórsson



## Námskeið fyrir slökkviliðsmenn

Alls sóttu 14 námskeið fyrir atvinnuslökkviliðsmenn sem haldið var á árinu. Samið var við Slökkvilið Akureyrar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Brunavarnir Suðurnesja um framkvæmd námskeiðsins.

Eitt námskeið fyrir stjórnendur var haldið í Revinge, þar sem fenginn var styrkur úr mannaskiptaverkefni Leonardo daVinci til að senda 20 menn til Svíþjóðar og skóli Ráðningsverket í Revinge fenginn til að sjá um kennsluna en tveggja daga undirbúningsnámskeið var haldið í Reykjavík áður en farið var út. Þátttakendur fengu styrk úr Fræðslusjóði brunamála til þess að standa straum af öðrum kostnaði við námskeiðið. Alls sóttu 20 þetta námskeið. Teknir voru saman minnisþingur úr ferðinni sem birtir voru á heimasíðu Brunamálastofnunar.


Á öllum námskeiðum eru þátttakendur beðnir að meta námskeiðið á þar til gerðum eyðublöðum. Almenn ánægja er með þá þætti sem metnir eru.

Fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn voru haldin 20 helgarnámskeið. Alls voru 231 þátttakendur á þessum námskeiðum sem skiptust þannig milli námskeiðshluta:

Nafn námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Námskeið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn 1	8	93
Námskeið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2, fyrri hluti	4	45
Námskeið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn 2, síðari hluti	3	32
Námskeið fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn 4	5	61

### Hlutfall námskeiða sem haldin voru


Eldvarnaeftirlitsmenn (1) Stjórnendur (1)



Slökkviliðsmenn (21)

### Hlutfall þátttakenda á námskeiðum

Eldvarnaeftirlitsmenn (10) Stjórnendur (20)



Slökkviliðsmenn (224)

Skipting námskeiða milli stjórnenda, eldvarnaeftirlits- og slökkviliðsmanna á árinu er þannig að eitt námskeið var haldið fyrir stjórnendur, eitt námskeið fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og 21 fyrir slökkviliðsmenn. Alls sóttu 20 námskeið fyrir stjórnendur og 224 námskeið fyrir slökkviliðsmenn. Heildarfjöldi nemenda við skólann á árinu var 254.



### Glæsileg kennslubók fyrir slökkviliðsmenn

Haustið 2003 var gerður samningur við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um að vinna nýtt námsefni fyrir slökkviliðsmenn og hefur bókin hlotið nafnið Slökkvistarf. Í henni er tekið saman ýmislegt efni sem til hefur verið hjá skólanum sem hefti eða bæklingar auk þess sem bætt er við nýju efni sem er þýtt og staðfært úr ensku, þar sem aðallega er stuðst við IFSTA, eða úr sænsku en þar hafa bækur og hefti sem Ráðningsverket gefur út verið notuð til stuðnings.



Fyrsta upplag bókarinnar var prentað til bráðabirgða í svart-hvítu og gefið út í lausblaðamöppu. Tilgangurinn var að fá reynslu af efninu og safna saman athugasemdom og leiðréttingum. Þetta upplag var á þrotum í árslok 2005 og var fyrir séð á vorkmánuðum að svo yrði. Því var hafist handa við undirbúning að endurútgáfu bókarinnar og fenginn sumarstarfsmaður til að yfirfara málfar og uppröðun efnis. Prentun á öðru upplagi var lokið í mars 2006 og var mjög vandað

til útgáfunnar. Íslenskir slökkviliðsmenn hafa nú í fyrsta sinn í sögu brunamála fengið fullbúna kennslubók á íslensku og mun hún vafalaust nýtast vel við kennslu og þjálfun um langa framtíð.



### Unnið að námsefni fyrir eldvarnaeftirlitsmenn

Haustið 2004 var hafist handa við að vinna nýtt námsefni fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og hefur bókin hlotið nafnið Eldvarnaeftirlit. Í henni er tekið saman ýmislegt efni sem til hefur verið hjá skólanum og Brunamálastofnun, auk þess sem bætt er við nýju efni sem er þýtt og staðfært úr ensku, þar sem aðallega er stuðst við IFSTA.

Byggingadeild Brunamálastofnunar hefur yfirfarið og skrifað stóran hluta efnisins og er gert ráð fyrir að útgáfan verði í mjög takmörkuðu upplagi og hún verði því ekki prentuð heldur eingöngu fjölfölduð hjá Brunamálastofnun. Reiknað er með að þessari vinnu ljúki árið 2006.

### Nýr formaður skólaráðs

Nýtt skólaráð Brunamálastofnunar var skipað frá 28. júní 2005 til fjögurra ára. Létu þá Þorbergur Hauksson og Hrólfur Jónsson af setu í ráðinu en Þorbergur hafði gegnt formennsku af hálfu um-

hverfisráðherra og Hrólfur var tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umhverfisráðherra skipaði Trausta Þorsteinsson formann og Sigríði Finsen til vara. Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri var tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og er Kristján Einarsson varamaður hennar. Sverrir Björn Björnsson er eftir sem áður fulltrúi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna en varamaður hans er Steinn B. Jónasson. Skólaráð er Brunamálastofnun til ráðgjafar um málefni og rekstur Brunamálastofnunar. Það ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálastjóra en skólastjóri annast daglegan rekstur.

### 3,5 milljónir úr Fræðslusjóði brunamála

Úthlutað var 3,5 milljónum króna úr Fræðslusjóði brunamála í fyrra að tillögu brunamálaráðs. Þar af voru 2,8 milljónir króna veittar 20 slökkviliðsmönnum til að sækja námskeið í Revinge í Svíþjóð. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja þjálfra eigin slökkvilið eða vinna að þjálfun slökkviliða.

Brunamálastofnun annaðist framkvæmd námskeiðsins og fór fyrri hluti þess fram í Reykjavík. Slökkviliðsmenn frá Borgarnesi, Skagafirði, Suðurnesjum, Vesturbyggð, Akranesi, Akureyri, Grindavík, höfuðborgarsvæðinu, Keflavíkflugvelli, Raufarhöfn og Vopnafirði sóttu námskeiðið.

Styrkir til ýmissa annarra verkefna voru veittir fimm einstaklingum, alls 700 þúsund krónur.

### Árlegt eldvarnaátak í nóvember

Brunamálastofnun var að venju meðal helstu styrktaraðila Eldvarnaátaksins sem Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur fyrir í nóvember ár hvert. Landssambandið gefur út veglegt forvarnablað sem dreift er um allt land. Slökkviliðsmenn heimsækja jafnframt alla grunnskóla landsins og fræða nemandur 3. bekkjar um eldvarnir og öryggismál, auk þess að gefa þeim kost á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni.

Brunamálastofnun og slökkviliðin voru einnig virkir þátttakendur í 112 deginum sem haldinn var í fyrsta sinn 11. febrúar 2005.

### Ráðstefna slökkviliðsstjóra á Egilsstöðum


Árleg ráðstefna Brunamálastofnunar með slökkviliðsstjórum landsins var haldin á Egilsstöðum dagana 28. og 29. apríl. Fjölmörg erindi voru flutt á ráðstefnunni en auk þess fóru ráðstefnugestir í vettvangsferð til að kynna sér mannvirkjagerð við Kárahnjúka. Tveir sérfræðingar, Guðni I. Pálsson verkfræðingur og Andres Bergqvist, aðstoðarslökkviliðsstjóri í Stokkhólmi, fjölluðu um áhættumat og slökkvistarf í veggöngum. Bergqvist varð að vísu á síðustu stundu að afboða komu sína en brunamálastjóri flutti fyrirlestur hans. Stórframkvæmdir voru mjög í brennidepli því auk þessa sagði slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar frá nýjungum hjá liðinu vegna álvers og slökkviliðsstjóri hjá Alcoa ræddi um eldvarnaeftirlit er varðar stóriðju og ábyrgð aðila í því sambandi. Annar erlendur gestur, Sören Jesper Smith frá Beredskabsstyrelsen í Danmörku, hélt erindi um reynslu Dana af útboðum á rekstri slökkviliða. Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist vel í alla staði.

### Einn stórbruni olli helmingi eignatjóns

Brunamálastofnun hefur um árabíl tekið saman upplýsingar um mann- og eignatjón vegna eldsvoða hérlendis, borið þessar upplýsingar saman milli ára og yfir lengri tímabil og sett þær í þjóðhagslegt samhengi. Jafnframt hefur stofnunin fylgst náið með stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd og birt upplýsingar þar að lútandi. Öflugar brunavarnir stuðla að auknum lífsgæðum. Það er flestum þjóðum því mikið keppikefli að halda tjóni vegna eldsvoða í lágmarki.



### Banaslys í eldsvoðum 1979-2005



Eignatjón var yfir meðallagi í fyrra og olli eldsvoði í Grindavík miklu þar um en tjón af völdum hans nam um helmingi alls eignatjóns í fyrra. Alls nam bætt brunatjón 1.640 milljónum króna á verðlagi í júlí 2005. Það er yfir meðaltali ef litið er á tímabilið frá 1981 á sama verðlagi en í meðallagi miðað við síðustu fimm ár. Tjónið í fyrra samsvarar 0,18 prósent af þjóðarframleiðslu. Það er hærra hlutfall en á árunum 2003 og 2004 en nálægt meðallagi sé litið til lengra tímabils.

Athygli vekur hins vegar að brunatjón sem hlutfall af fasteignamati allra fasteigna í landinu var lægra í fyrra en það hefur verið undanfarin tíu ár. Tjónið í fyrra nam 0,05 prósent af fasteignamati en hefur oftast verið um og yfir 0,10 prósent á undanförunum áratug. Hæst fór þetta hlutfall í 0,17 prósent árið 2000. Samanburður við brunabótamat fasteigna sýnir svipaða þróun.




### Einn týndi lífi í eldsvoða

Maður lést í eldsvoða á Ísafirði í fyrra og hafa þá alls 49 manns látist í eldsvoðum hér á landi frá 1979 eða 1,8 að meðaltali á ári. Á þessu tímabili hafa allt að sex manns látist á einu ári, en á árunum 1984, 1999, 2000 og 2003 fórst enginn í eldsvoða hér á landi. Úr tölum um manntjón í eldsvoðum frá 1979 má meðal annars lesa eftirfarandi:

- Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem látist hafa eða um þrír af hverjum fjórum.
- Karlar á sextugsaldri eru stærsti einstaki hópur látinna.
- Flestir (12) hafa látist á laugardegi en fæstir (2) á þriðjudegi.
- Flestir hafa látist í janúar (11) en fæstir (1) í júní og nóvember.
- Banaslys í eldsvoðum hafa í 88 prósent tilvika orðið í íbúðarhúsnæði, en sex prósent á sjúkrahúsum, tvö prósent í fangelsi, tvö prósent á gistiheimili og tvö prósent í iðnaðarhúsnæði.
- Banaslys í eldsvoðum á hverja 100 þúsund íbúa voru 0,33 á síðasta ári. Það er umtalsvert minna en til dæmis á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

### Eignatjón í eldsvoðum 1981–2005 á verðlagi í júlí 2005 – meðaltal 1.090 milljónir króna



## Ársreikningur 2005

### Rekstrarreikningur árið 2005

	2005	2004
<b>Tekjur</b>		
Brunavarnargjald	202.081.987	159.790.114
Ýmsar tekjur	13.543.355	10.371.008
	<u>215.625.342</u>	<u>170.161.122</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	64.916.186	59.207.666
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.707.738	6.992.364
Funda- og ferðakostnaður	20.197.908	11.919.898
Aðkeypt sérfræðipjónusta	15.180.796	17.873.110
Rekstur tækja og áhalda	3.398.182	3.476.730
Annar rekstrarkostnaður	3.243.422	3.160.235
Húsnæðiskostnaður	22.160.313	19.507.799
Bifreiðarekstur	3.564.930	3.901.915
Tilfærslur	4.106.000	5.996.492
	<u>142.519.875</u>	<u>132.036.209</u>
Eignakaup	1.463.228	2.396.571
	<u>143.983.103</u>	<u>134.432.780</u>
<b>Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur</b>	71.642.239	35.728.342
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4.417.767	4.072.560
<b>Tekjuafgangur ársins</b>	<u>76.060.006</u>	<u>39.800.902</u>

### Sjóðstreymi árið 2005

	2005	2004
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur	76.060.006	39.800.902
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>76.060.006</u>	<u>39.800.902</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímaskuldur (lækkun)/hækkun	( 12.814.410)	( 2.515.479)
Viðskiptaskuldur (lækkun)/hækkun	2.009.806	( 687.893)
	<u>( 10.804.604)</u>	<u>( 3.203.372)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>65.255.402</u>	<u>36.597.530</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Breyting á stöðu við ríkissjóð		
Greitt úr ríkissjóði	( 60.886.254)	( 32.362.433)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<u>( 60.886.254)</u>	<u>( 32.362.433)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	4.369.148	4.235.097
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	61.813.109	57.578.012
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<u>66.182.257</u>	<u>61.813.109</u>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	2005	2004
<b>Eignir</b>		
<b>Veltufjármunir</b>		
Ríkissjóður	241.834.541	180.948.287
Viðskiptakröfur	34.777.981	21.963.571
Handbært fé	66.182.257	61.813.109
<b>Eignir alls</b>	<u>342.794.779</u>	<u>264.724.967</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	95.571.112	208.302.599
Flutt á annað fé	( 40.781.987)	( 152.532.389)
Tekjuafgangur ársins	76.060.006	39.800.902
<b>Höfuðstóll</b>	<u>130.849.131</u>	<u>95.571.112</u>
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé	206.115.105	165.333.118
<b>Annað eigið fé</b>	<u>206.115.105</u>	<u>165.333.118</u>
<b>Eigið fé</b>	<u>336.964.236</u>	<u>260.904.230</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	5.830.543	3.820.737
<b>Skuldir</b>	<u>5.830.543</u>	<u>3.820.737</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>342.794.779</u>	<u>264.724.967</u>

### Áritun endurskoðenda

#### Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Brunamálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögsmæt fyriræmi, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

#### Ríkisendurskoðun, 22. maí 2006

Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi

Sveinn Arason  
endurskoðandi

## The Iceland Fire Authority – Annual Report 2005

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

### Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are:

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby;
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting;
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety;
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise;
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities;
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,
- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote co-operation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

### Administration of fire services

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority every five years. He handles the daily management and operation of the Authority and hires its employees. He is responsible to the Minister for its operation. Dr Björn Karlsson was appointed Director of the Iceland Fire Authority from 1 January 2001. There were eleven salaried employees of the Iceland Fire Authority on 31 December 2005. The Authority also pays for the services of consultants for particular projects. The Minister for the Environment appoints the Iceland Fire Authority Council for a term of four years at a time. The Council gives the Iceland Fire Authority technical advice. The Chairman of the Iceland Fire Authority Council is Drífa Sigfúsdóttir.

### Fire safety strategies

Pursuant to the Fire Protection Act from 2000, the local authorities are responsible for formulating fire safety strategies for their fire brigades' respective service areas and submitting them for approval to the Iceland Fire Authority. The first fire safety strategy to receive the Authority's approval was the Húsavík Fire Brigade in northern Iceland on 23 October 2003. Since then most of the local authorities have approved fire safety strategies or have submitted final drafts to the Authority for review.

### Special grants to strengthen fire protection

The Fire Authority decided at the end of 2005 to allocate over ISK 100 million as grants to municipalities wishing to collaborate in fire inspection control, response to environmental accidents, and in fire prevention in general. The grants by the Iceland Fire Authority are primarily intended to strengthen fire prevention control, as well as responding to environmental accidents and the construction of joint training sites.

Part of the amount will be used to purchase transferable environmental-accident equipment, which will be stored with The Capital District Fire and Rescue Service (CDFARS) and the Fire Brigade in Akureyri. This equipment can be transported on short notice to the site of an accident by helicopter whenever needed. Additionally, minimum equipment for addressing environmental accidents will be placed at various locations in Iceland and be jointly owned by a few municipalities in each instance.

### New educational materials

An agreement was entered into in 2003 with CDFARS on the preparation of new educational materials for fire fighters. This project was completed in 2004 with a temporary edition of Fire Fighting, containing various material from the school that were previously in smaller publications or booklets. New material was added, i.e. translated from English and adjusted to the Icelandic circumstances, primarily focusing on teaching material from IFSTA. Translated material from Sweden was also used in preparing the book, based on publications by Räddningsverket. Recently the material was published in a new and improved edition. Icelandic fire fighters have never before had access to a complete educational material in Icelandic, which will no doubt improve the education of fire fighters.

The autumn of 2004 saw the launching of preparations of new educational material for fire prevention inspectors, titled Fire Prevention Control. The Construction Department of the Iceland Fire Authority oversaw and wrote a large portion of the material. The work will be published by the Iceland Fire Authority and is expected to be completed in 2006.

### Damage to humans and property

Last year, Iceland experienced more damage to property than in the average year over the last 25 years. In 2005, compensated fire damage in Iceland amounted to ISK 1,640 million, or 0.18% of GDP (gross domestic product).

One live was lost in a fire last year but on average, nearly two human lives were lost in fires during the years 1979 to 2005. The rate of fatal accidents from fires, however, is lower than in the other Nordic countries, and significantly lower than in various other countries, for example, the Baltic countries. A total of 49 human lives were lost in fires in Iceland since 1979; the majority being men, or 75%.





Líf, heilsa,  
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.